

Skólaráð

Skólaráð 26. janúar 2016

47. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Heiða Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra og Mjöll Flosadóttir í stað fjarveru Kristínar Thoroddsen formanns Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúa grenndarsamfélags, Þórður Skúlason og Þorbjörg Guðmundsdóttir fulltrúar nemenda.

Efni fundarins:

1. Skólalóðin
2. Starfsáætlun
3. Skólaping
4. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

Skólalóðin: Umsjónarmaður fasteigna fór yfir það sem hefur verið framkvæmt sem og reglulegur eftirliti og öryggi á skólalóðinni. Stendur til að setja mottur undir rólurnar en ekki var til fjármagn til þess sl. skólaár. Sagði frá því að óháður aðili færi yfir skólalóðina einu sinni á ári. Lagðir voru gulir renningar efst og neðst á stiga í skólanum og sett upp rafmagnshurð í aðalanddyri til að auka aðgengi fatlaðra. Setbergstjörnin er farin, það er vatnsgurinn sem safnaðist upp við bílplanið. Brýrnar yfir lækinn voru viðgerðar og lýsing við skólann löguð. Farið var yfir lekamálin og gert við leka frá þaki. Umsjónarmaður fasteigna er fulltrúi bæjarins í viðhaldsmálum og fer hann yfir og gerir við það sem þarf að laga eftir þörfum. Verið er að vinna könnun um ferðavenjur og öryggi nemanda við skólann í 1., 5. og 10 bekk og unnin skýrsla í kjölfarið. Efla sér um þessa vinnu.

Skólaráð

Skólastjóri fór yfir þarfagreiningu sem unnin var varðandi búnað og viðhald sem kominn er tími á í skólanum. Margt sem kominn er tími á og hefur ekki verið endurnýjað frá stofnun skólans. Greiningin var rædd. Hún fór jafnframt yfir fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2016 og benti á að lítið væri úthlutað til viðhalds og endurnýjunar á búnaði. Umræður spunnust í kjölfarið um endurnýtingu og að virkja mætti foreldra okkur til stuðnings og fá frá heimilunum. Spurt var um stöðu okkar í tölvumálum og um spjaldtölvur. Skólastjóri fór yfir þarfagreiningu sem við unnum sl. vor. Fræðslustjóri kemur í dag í skólann m.a. til að fara yfir tölvukost skólann. Spurt var um stöðuna í öðrum skólum og hvernig staðan er á spjaldtölvum þar. Í Áslandsskóla eru til spjaldtölvur fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Mjög brýnt er að endurnýja tækjabúnað okkar ekki síður til að vera samkeppnishæf við önnur sveitarfélög varðandi vinnuumhverfi og aðstæður starfsfólks og fyrir nemendur.

Starfsáætlun: Skólastjóri fór yfir efni og yfirlit starfsáætlunar (almennur hluti skólanámskrár/ starfsmannahandbók) sem við þurfum að ljúka nú á þessari önn. Að hluta til er hún samhæfð fyrir Hafnarfjörð og hluta sérstæð fyrir hvern skóla. Hún fór yfir stöðuna og að stefnt sé að því að ljúka við þennan hluta við lok þessa skólaárs og verði tilbúið fyrir starfsfólk að vinna eftir á næsta skólaári. Mikilvægt að hafa þetta í heildarplaggi svo fólk hafi yfirsýn en jafnframt þarf líka að setja þessar upplýsingar í köflum inn á heimasíðuna til betra aðgengis fyrir alla.

Skólaping: Höfum haldið skólaping sem má segja að hafa verið ígildi opins skólaráðsfundar. Því var velt upp hvort hægt sé að vinna frekar út frá því sem unnið var í rýnihópi foreldra varðandi aukin tengst skóla og heimilis. Þurfum að skoða þetta betur og velta fyrir okkur efni og tímasetningu. Veltum því upp hvort hvort hægt sé að halda skólaping á skipulagsdegi með foreldrum, kennurum, öðru starfsfólki og nemendum. Ákveðið að taka þessa umræðu aftur upp á næsta skólaráðsfundi.

Önnur mál: Fundi slitið áður en að þessum lið komið.

Fundi slitið kl. 09:30

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargerð.